

# REGLUGJÖRÐ

fyrir

kennaraskólann í Reykjavík.

64

25. sept.

Samkvæmt lögum nr. 63 frá 22. nóvbr. 1907, um kennaraskóla í Reykjavík, er hjermeð sett eftirfarandi reglugjörð fyrir skólann.

## I. KAFLI.

*Um markmið skólans og skípulag.*

### 1. gr.

Það er markmið skólans að veita nemendum bæði almenna mentun og sjermentun í því, sem til heyrir uppeldi barna og kenslu.

### 2. gr.

Í skólanum eru þrjár ársdeildir. Hann er jafnt fyrir konur sem karla.

## II. KAFLI.

*Um kensluna.*

### 3. gr.

Í skólanum skal kenna: Íslensku, dönsku, ensku, sögu, landafræði, náttúrusögu, heilsufræði, eðlisfræði, stærðfræði, skrift, teiknun, handavinnu, söng, líkamsæfingar, kristin fræði, uppeldisfræði og kenslufraði, og ennfremur skal hafa kensluæfingar; skulu þær fara fram í barnaskóla.

### 4. gr.

Skifta skal kenslustundum milli námsgreina, sem hjer segir:

	í I. b. 5 st.	II. b. 5 st.	III. b. 6 st. á viku.
Íslenska	í I. b. 5 st.	II. b. 5 st.	III. b. 6 st. á viku.
Danska	- — 4 —	— 3 —	— » — - —
Enska	- — 5 —	— 3 —	— 2 — - —
Saga	- — 2 —	— 2 —	— 2 — - —
Landafræði	- — 2 —	— 1 —	— » — - —
Náttúrusaga	- — 4 —	— 3 —	— » — - —
Heilsufræði	- — » —	— 2 —	— 1 — - —
Eðlisfræði	- — 1 —	— » —	— 2 — - —

64 25. sept.	Stærðfræði	í I. b. 3 st.	II. b. 3 st.	III. b. 2 st. á viku.
	Skrift	- — 1 —	— » —	— » — - —
	Teiknun	- — 2 —	— 2 —	— 2 — - —
	Handavinna	- — 2 —	— 2 —	— 2 — - —
	Söngur	- — 3 —	— 3 —	— 3 — - —
	Líkamsæfingar	- — 3 —	— 2 —	— 3 — - —
	Kristin fræði	- — 2 —	— 2 —	— 3 — - —
	Uppeldisfræði	- — » —	— 4 —	— 4 — - —
	Kensluæfingar	- — » —	— 2 —	— 6 — - —
	Samtals	<u>39 st.</u>	<u>39 st.</u>	<u>38 st.</u>

## III. KAFLI.

*Um inntöku nemenda í skólann.*

## 5. gr.

Skólameistari úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

## 6. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði:

Að nemandi, sem tekinn er í I. bekk, sje fullra 18 ára um næstu áramót, en sá fullra 19 ára, sem tekinn er í II. bekk.

Að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið eða geri hann sjálfan óhæfan til kennarastarfs.

Að nemandi sje óspiltur að siðferði.

## 7. gr.

Til þess að komast í I. bekk skólans verður nemandi að ganga undir inntökupróf, er sýni, að hann hafi þá kunnáttu og þroska, er hjer segir:

1. Hann skal vera vel læs á gotneskt letur og latínuletur, vita aðalatriði ísl. málfræði, kunna nokkur íslensk kvæði og geta gert grein fyrir efni þeirra, vita nokkur deili á helstu skáldum íslenskum á síðustu öld og hafa lesið a. m. k. 5 Íslendingasögur svo vel, að hann geti gert grein fyrir aðalefni þeirra. Hann á að geta skrifað með læsilegri og hreinlegri snarhönd og sæmilegri stafsetningu og greinarmerkja stutta ritgerð um kunnugt efni.
2. Hann verður að geta lesið dönsku með sæmilegum framburði, hafa farið yfir 400 bls. í 8 bl. broti svo, að hann geti snúið þeim á íslensku, vita aðalatriði danskrar beygingarfræði og geta snúið auðveldum setningum af íslensku á dönsku.

3. Hann skal kunna 4 höfuðgreinir reiknings með heilum tölum og brotum, **64** vera leikinn í að nota þær til úrlausnar auðveldum dæmum og reikna í <sup>25.</sup> sept. huganum með lágum tölum.
4. Hann skal hafa numið ýtarlegt ágríp af biblíusögum.
5. Hann skal hafa numið ágríp af mannkynssögu og sögu Íslendinga.
6. Hann skal hafa numið allýtarlega kenslubók í landafræði, geta lýst átthögum sínum skilmerkilega og gert grein fyrir öllum þorra blómjurta og dýra, sem þar eru algeng.

#### 8. gr.

Til þess að vera tekinn í II. bekk verður nemandinn að ganga undir próf í því sem krafist er til inntöku í I. bekk og þar er kent. Þó má taka hann próflaust í II. bekk, ef hann hefir lokið gagnfræðaprófi. Inntaka í III. bekk er eigi leyfð, nema sjerstakar ástæður þyki til.

#### 9. gr.

Til þess að komast inn í skólann þarf a. m. k. að fá 4 stig til jafnaðar í hverri grein.

### IV. KAFLI.

#### *Próf og einkunnir.*

#### 10. gr.

Í skólanum skulu, auk inntökuprófs, vera árspróf og burtfararpróf og nefnist það kennarapróf. Munnleg próf skulu vera í heyranda hljóði.

#### 11. gr.

Svo skal prófum haga, að í íslensku, dönsku og stærðfræði sje tvöfalt próf, munnlegt og skriflegt, sömuleiðis í uppeldisfræði tvöfalt próf, munnlegt og verklegt (kensla), en einfalt í öðrum greinum, verklegt í skrift, teiknun, söng og líkamsæfingum, en munnlegt í hinum, nema í handavinnu, þar skal ekki próf vera, en hannyrðir vetrarins lagðar fram til dóms í þess stað.

#### 12. gr.

Kennarapróf fer fram í tvennu lagi, *fyrri hlutinn* við uppflutning úr II. bekk, *síðari hlutinn* við burtför úr III. bekk.

#### 13. gr.

Til fyrri hlutans teljast þessar námsgreinar:

1. Landafræði.
2. Saga, almenn mannkynssaga.

- 64** 3. Kristin fræði, ágríp almennrar kirkjusögu, biblíusögur, þar með talið yfirlit  
25. sept. yfir sögu Gyðingabjórðar til 70 e. Kr. og rit hins gamla sáttmála.
4. Náttúrusaga, dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og steina.
5. Danska. Skal prófað bæði í lesnu máli og ólesnu.
6. Stærðfræði, almennur reikningur með heilum tölum og brotnum og einfaldar líkingar með einni eða fleiri óþektum stærðum.

#### 14. gr.

Til síðari hlutans teljast þessar námsgreinar:

1. Íslenska: *a.* Munnlegt próf skal vera í að minsta kosti 300 bls. í 8 bl. broti af úrvalsköflum úr fornum bókmentum og nýjum í bundnu máli og lausu, og bókmentasögu, bæði að því er snertir skáldskap og sagnaritun. *b.* Til skriflegs prófs skulu verkefni vera tvö, 1. frásagnarefni, 2. ritgjörðar-efni, er meir reyni á vitsmunaproska en fróðleik.
2. Enska. Skal prófað einungis í lesnu máli.
3. Saga Íslendinga.
4. Heilsufræði.
5. Eðlisfræði, þar með talin undirstöðuatriði efnafræði.
6. Stærðfræði, flatarmálsfræði og þykkvamáls.
7. Uppeldisfræði: *a.* Munnlegt próf í meginatriðum almennrar uppeldisfræði og kenslu og yfirliti yfir sögu uppeldis og skóla. *b.* Verklegt próf: Nemandi kenni börnum íslensku og 2 aðrar námsgreinar.
8. Kristin fræði, rækileg skýring a. m. k. á einu guðspjalli með hliðsjón af hinum öllum og yfirlit yfir önnur rit hins nýja testamentis.
9. Teiknun, skal teikna eina mynd eftir margflötung, en leggja einnig fram til hliðsjónar teikningar síðasta vetrar.
10. Söngur. Prófið á að sýna, að nemandinn geti sungið einföld lög í öllum algengum tóntegundum tónrjett og taktrjett eftir nótum, gert grein fyrir höfuðatriðum almennrar söngfræði og leikið á eitthvert hljóðfæri.
11. Handavinna. Yfirstjórn skólans ákveður eftir tillögum skólastjóra, hvers konar handavinna er kend í skólanum, en vetrarvinnan er lögð fram til dóms, án sjerstaks prófs.
12. Líkamsæfingar. Prófið á að sýna, að nemandinn geti leikið fyrir allar venjulegar æfingar, skipað fyrir, leiðrjett aðra og stjórnað þeim, og beri skyn á, hver tilhögun æfinga er hollkvæmust.

#### 15. gr.

Kennarar skólans prófa, en yfirstjórn skólans kveður til prófdómara til að dæma með þeim um frammistöðu nemenda við kennaraprófið. Prófdóm-  
arar ráða í samráði við skólastjóra og hlutaðeigandi kennara allri tilhögun

prófsins, velja verkefni og skrifa að lokum undir prófskýrsluna í einkunna-  
bók skólans ásamt kennurum. Kennarar skulu gefa nemendum vetrareinkunnir **64**  
hver í sínum kenslugreinum. Meðaltal þeirra prófseinkunna, er prófdómendur **25. sept.**  
gefa og kennarar, og vetrareinkunna verður fullnaðareinkunn við prófið í hverri  
grein fyrir sig.

### 16. gr.

Til kennaraprófs heyra fullnaðareinkunnir í öllum námsgreinum skólans, nema skrift, söng og líkamsæfingum. Fyrir íslensku skal gefa tvær einkunnir, aðra fyrir munnlega, hina fyrir ritgerðirnar, svo og í uppeldis- og kenslufræði, aðra fyrir munnlega, hina fyrir verklegu kensluna, en eina einkunn fyrir hverja hinna annara námsgreina, svo og þar, sem bæði er prófað í við fyrri og síðari hluta kennaraprófsins. Verður þá meðaltal einkunnanna við fyrri hlutann og síðari fullnaðareinkunn í þeirri grein. Einkunnirnar fyrir uppeldisfræði og kenslu skal tvöfalda. Verða þá fullnaðareinkunnir alls 17.

Í söng og líkamsæfingum skal aðeins dæmt um það, hvort nemandinn sje fær um að taka að sjer barnakenslu í þeim greinum. Sá þarf ekki að ganga undir próf í þeim greinum, er skólastjóri og kennarar telja ekki hæfan til að kenna þær.

### 17. gr.

Einkunnir eru þessar: Ágætlega = 6, dável = 5, vel = 4, laklega = 3, illa = 2 og afarilla = 1. Nota má og brotin  $\frac{1}{3}$  og  $\frac{2}{3}$ , er liggja milli talna þessara. Svo má og nota tugabrotin 0,17, 0,50 og 0,83, er tekið er meðaltal af einkunnum í sömu námsgrein til fyrri hluta og síðari hluta (sbr. 16. gr.).

Aðaleinkunn nefnist ágætiseinkunn, fyrsta, önnur eða þriðja einkunn og er talin í stigum, en reiknuð 8 stig fyrir einkunnina ágætlega, 7 fyrir dável, 5 fyrir vel, 1 fyrir laklega, ÷ 7 fyrir illa og ÷ 23 fyrir afarilla. Taka skal tillit til brotanna við útreikning stigafjöldans að rjettri tiltölu. Til ágætiseinkunnar þarf  $7\frac{1}{2}$  stig í hverri grein til jafnaðar, til 1. einkunnar 6 stig, til 2. einkunnar  $4\frac{1}{2}$  stig og til 3. einkunnar 4 stig.

### 18. gr.

Enginn nær kennaraprófi með frádræga einkunn í neinni grein, nje heldur með lægri einkunn en 4 í íslensku, munnlegri og skriflegri, uppeldisfræði og kenslu.

### 19. gr.

Til að standast kennarapróf þarf a. m. k. 68 stig.

Til þess að flytjast upp úr bekk þarf a. m. k. 3. einkunn við ársprófið,

64

25. sept.

20. gr.

Hver sá nemandi, sem staðist hefir kennarapróf, skal fá skírteini, er sýni aðaleinkunn hans og fullnaðareinkunn í hverri grein. Þar skal og þess getið, ef hann hefir reynst hæfur til að kenna söng eða leikfimi.

21. gr.

Stúdentum og kandídötum, er fullnægja skilyrðum 2. og 3. liðar í 6. gr., er heimilt í samráðum við skólameistara að njóta kenslu kennaraskólans í kristnum fræðum, heilsufræði, handavinnu, söng, líkamsæfingum, uppeldisfræði og kensluæfingum. Nú lýkur stúdent eða kandídat prófi í þessum fræðum að afloknu námi með sama hætti og nemendur skólans og hefir eigi lægri einkunnir í námsgreinum kennaraskólans við stúdentspróf eða kennarapróf en segir í 18. gr., og telst þá próf hans fullkomið kennarapróf. Kandídatar í guðfræði eru undanþegnir prófi í kristnum fræðum.

## V. KAFLI.

### *Kennarar skólans.*

22. gr.

Kennarar skólans eru skólastjóri, tveir fastir kennarar, einn fastur aukakennari og aðrir kennarar eftir þörfum. Skólastjóri hefir á hendi stjórn skólans með þeim takmörkunum, er þessi reglugjörð setur; hefir eftirlit með kenslu, reglu og aga í skólanum, skólahúsi og munum skólans og áhöldum.

23. gr.

Stundakennara setur ráðuneytið eftir tillögum skólastjóra og ákveður kaup þeirra.

24. gr.

Ráðuneytið ákveður kenslustundafjöldi skólastjóra og kennaranna.

25. gr.

Skólastjóra ber að sjá um, að í skólanum sjeu þessar bækur og reglulega í þær ritað: Prófbók, dagbók, brjefabók, áhaldabók, fundabók og námsskeiðsbók.

26. gr.

Skólastjóri boðar til kennarafundar, er honum þykir þurfa. Á kennarafundi eiga sæti fastir kennarar, en boðað getur skólastjóri einnig stundakennara á fund, einkum ef um störf þeirra er að ræða. Skólastjóri stýrir kennarafundi, og ræður atkvæði hans úrslitum, ef atkvæði eru jöfn.

## 27. gr.

64

Kennarafundur úrskurðar um uppflutning nemenda úr bekk, bókakaup<sup>25. sept.</sup> og áhalda til skólans og burtvísun nemenda úr skóla. Á kennarafundi skal og ræða um tilhögun kenslu og prófa, upptöku nýrra bóka, skiftingu námsgreina milli kennara og samvinnu þeirra og veitingu námsstyrks.

## 28. gr.

Gjörðir kennarafundar skal rita í gjörðabók, er lesa skal upp og samþykkja á hverjum fundi. Heimilt er hverjum fundarmanna að fá ágreinings- atkvæði sín bókuð.

## 29. gr.

Allir kennarar skólans eiga eftir fremsta megni að styðja að góðri reglu við skólann og með kenslu sinni, viðbúð við nemendur og eftirdæmi sínu að leitast við að gera þá sem hæfasta kennara barna og unglinga.

## VI. KAFLI.

*Um nemendur skólans.*

## 30. gr.

Nemendur, sem geta ekki sótt skólann sakir sjúkleiks eða annara gildra ástæðna, eiga að senda skólastjóra till kynningu um það, og grenslast hann þá eftir ástæðum, ef honum þykir þörf.

## 31. gr.

Valdi nemandi skemdum á áhöldum eða munum skólans, skal hann bæta fullum bótum. Ef fullvíst er, að slíkar skemdir hafi orðið af völdum nemenda í einhverjum ákveðnum bekk og enginn gengst við, skulu nemendur þess bekkjar bæta allir í fjelagi.

## 32. gr.

Ef nemandi hegðar sjer ósæmilega eða vist hans í skólanum er skaðleg fyrir skólann eða gagnslaus honum sjálfum að álitu skólastjóra og kennara, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir, en telji kennarafundur nauðsynlegt að vísa honum úr skóla að fullu og öllu, skal til þess leita samþykkis yfirstjórnar skólans. Nemandi, sem vísað hefir verið úr skóla fyrir fult og alt, getur ekki gengið undir kennarapróf, nema yfirstjórn skólans leyfi.

64  
25. sept.

## VII. KAFLI.

*Um kenslutíma og leyfi.*

## 33. gr.

Skólaárið byrjar 1. okt. og endar 30. sept.

## 34. gr.

Eigi skulu vera fleiri en 39 kenslustundir á viku í neinum bekk skólans. Hver kenslustund sje 50 mínútur, en 10 mínútna hlje í milli. Fyrir hvert skólaár semur skólastjóri stundaskrá, er stjórn skólans samþykkir.

## 35. gr.

Þessi skulu vera leyfi ákveðin:

1. Jólaleyfi, er nær frá 24. degi des. til 2. dags janúarmánaðar að báðum þeim dögum meðtöldum.
  2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum, að báðum þeim dögum meðtöldum.
  3. Sumardagurinn fyrsti.
  4. Sumarleyfi, er nær frá 1. degi maímánaðar til 30. dags septembermánaðar.
- Auk þess má skólastjóri gefa leyfi einn dag í mánuði hverjum.

## VIII. KAFLI.

*Um vörnámsskeið.*

## 36. gr.

Námsskeið fyrir barnakennara skal halda í kennaraskólanum frá 15. maí til 30. júní. Rjett til aðgangs að því hafa þeir barnakennarar, sem skipaðir hafa verið eða settir að lögum, en veita má skólastjóri einnig öðrum aðgang, ef rúm leyfir.

## 37. gr.

Skólastjóri stjórnar námsskeiðinu og ræður tilhögun þess í samráði við aðra kennara skólans, og skal að því stefnt, að nemendur sækji þangað ekki einungis aukna þekkingu í þeim fræðigreinum, er þeir óska helst og nauðsynlegar má telja fyrir stöðu þeirra, heldur einnig verklega æfingu í kenslustörfum, aukinn áhuga og skilning á kenslustarfinu og nýtt fjör og hressingu eftir vetrarvinnuna.

## 38. gr.

Fastlaunaðir kennarar skólans hafa kensluna á hendi svo sem þeir hrökkva til, en leita má aðstoðar annara, ef þurfa þykir og föng eru á.

Yfirstjórn skólans ákveður borgun fyrir aðstoð við námsskeiðið.

## \* 39. gr.

64

Rjett til styrks, ef veittur er, hafa eigi aðrir en löglega ráðnir barna-<sup>25. sept.</sup> kennarar og því aðeins, að þeir sæki nám kostgæfilega. Við styrkveitingu skal taka hæfilegt tillit til ferðakostnaðar.

## 40. gr.

Skólastjóri skal auglýsa námskeiðið eigi síðar en um áramót, og skulu umsóknir um það vera komnar til hans fyrir lok marsmánaðar. Rjett er, að umsækjandi geti þess, ef hann óskar sjerstaklega kenslu eða hjálpar í einni eða fleiri kenslugreinum.

Nú eru færri en 10 umsóknir komnar til skólastjóra 1. apríl, og ferst þá námskeið fyrir í það sinn.

## 41. gr.

Skólastjóri skal halda bók yfir nemendur námskeiðsins og störf þess.

Reglugjörð til bráðabirgða frá 26. júní 1908, prófreglugjörð frá 8. ágúst 1910 og reglugjörð fyrir kennaranámskeið frá 26. maí 1911 eru feldar úr gildi.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. september 1924.*

**Jón Magnússon.**

*St. Gunnlaugsson.*